

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ísafjarðarbæ.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Nýtt deiliskipulag. Suðurtangi, Ísafirði.

Markmið með deiliskipulaginu er að fjölga atvinnulóðum, m.a. í sjávertengdri starfsemi, og samþætta fjölbreytta nýtingu á skipulagssvæðinu. Við útfærslu skipulagsins hefur verið lögð áhersla á öryggi vegfarenda, gæði byggðar, ásýnd svæðisins, varðveislu menningarminja og viðbrögð og varnir við sjávarflóðum. Séstaklega er hugað að gönguleiðum farþega skemmtiferðaskipa og samspili þeirra við starfsemi á Suðurtanga og Eyrinni.

Tvö deiliskipulagssvæði á Suðurtanga verða sameinuð í eitt endurskoðað deiliskipulag og verða því felld úr gildi.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 6. janúar 2025.

Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 20. janúar 2025